

PRENTUM ALLT MILLI HIMINS

g

GÚTTÓ ehf
Silfurgötu 1
400 Ísafirði
Sími: 456 4560
Netf.: honnun@bb.is

OG

JARÐAR

Fellur betur að vera bak við tjöldin

Það var alger tilviljun að Halla Sigurðardóttir og Hafsteinn Vilhjálmsson höfnuðu á Ísafirði árið 1977. „Við höfðum alla tíð átt heima í Reykjavík, datt bara í hug að breyta til.“ Og allan þennan tíma sem liðinn er síðan hefur Halla starfað með Litla leikklúbbnum, sem er 50 ára í dag. Halla er í viðtali vikunnar.



— sjá bls. 6-8

B3 Óháð fréttablað á Vestfjörðum

BÆJARINS BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 · Miðvikudagur 22. apríl 2015 · 16. tbl. · 32. árg. · Ókeypis eintak



Öngþveiti á sandinum!

VARAHLUTIR OG
ANNAD SEM ÞARF
FYRIR BÍLINN



SMÍÐJAN

VERSLUN SINDRAGÖTU 12

Opið mánudaga til föstudaga 8-18
Opið laugardaga 10-14
Sími: 456-1300

— NYTT Á SUBWAY —

Elskaðu spinat

— GRÆNA BYLTINGIN —

Nú getur þú sett spinat á bátinn þinn - fritt

Spinat er á boðstólum í takmarkaðum tíma

SUBWAY
Ferskleiki er okkar bragð.

EINFÖLD REIKNIVÉL Á **eBOX.IS**

eBOX
auðveldar smásendingar

Í STÓRUM SKIPUM RÚMAST LÍKA SMÆRRI SENDINGAR

Elmskip | Korngröðum 2 | 104 Reykjavík | Sími 525 7000 | www.ebox.is

eBOX er ný, þægileg og einföld lausn til að flytja minni sendingar frá Evrópu til Íslands. Á ebox.is er reiknivél sem segir þér á augabragði hver flutningskostnaðurinn er. Traust og áreiðanlegt leiðakerfi Elmskipa á Norður-Atlantshafi tryggir að sendingin þín kemur heim með fyrstu ferð. Auðvelt og fljótlegt.

EIMSKIP
eBOX

Fleiri ferðamenn vestur í sumar

Ferðamannavertíðin er handan við hornið og segir Ásgeir Höskuldsson, framkvæmdastjóri Vesturferða á Ísafirði, að útlitið fyrir sumarið sé gott. „Að svo stöddu er góð aukning í sölu á ferðum milli ára og ekki hægt annað en að vera jákvæður gagnvart sumarvertíðinni. Skrifstofa Vesturferða er vel mönnuð af reynslu-

miklu, jákvæðu og duglegu starfsfólki sem er tilbúið að takast á við gleðina í sumar,“ segir Ásgeir. Á síðustu árum hefur verið góður stígandi í fjölgun ferðamanna á Vestfjörðum. Ásgeir heldur að sú þróun haldi áfram. „Salan hjá Vesturferðum hingað til og aukningin í skemmtiferðaskipunum rennir stöðum undir

þá trú.“

Eins og staðan er í dag, þá koma 62 skemmtiferðaskip til Ísafjarðar í sumar sem er metfjöldi. Í fyrra komu 45 skip. Aðspurður hvort að innviðir ferðapjónustunnar á svæðinu ráði við svo öra fjölgun segir Ásgeir að flesta daga sumarsins gangi það vel upp. „En það eru vissulega stórir

dagar á milli sem reyna verulega á þörmörk þjónustu, innviða og íbúa svæðisins. Vestfirðingar eiga hrós skilið fyrir að taka vel á móti þessum farþegum ár eftir ár.“

Ef skemmtiferðaskipum heldur áfram að fjölga svo hratt segir Ásgeir að ýmislegt þurfi að skoða og bæta. „Það er fullt af jákvæðu og lausnarmiðuðu fólki hér fyrir

vestan til að glíma við þau verkefni þannig að ég hef ekki neinar áhyggjur á að það finnist ekki farsælar lausnir á framtíðarverkefnum. Í sameiningu þurfa Vestfirðingar svo að finna gott og jákvætt jafnvægi í komu skemmtiferðaskipa svo hinir ýmsu þættir samfélagsins geti blómstrað,“ segir hann. – smari@bb.is

Bolvískir bátar með metafla

Bolvísku línubátarnir Einar Hálfðans ÍS og Hálfðan Einarsson ÍS komu að landi í Bolungarvík á fimmtudag með fullfermi af steinbít eftir veiðar í Víkurál. Afli Einars Hálfðans ÍS var 20,1 tonn og afli Hálfðans Einarssonar ÍS var 31,7 tonn. Afliinn hjá Hálfðani Einarssyni ÍS, sem er 30 brúttótonna krókaaflamarksbátur, fer væntanlega í sögubækurnar í þessum róðri því aldrei hefur bátur af þessari stærð komið með yfir 30 tonn að landi úr einni veiðiferð. Stuttu fyrir páska setti Hálfðan Einarsson ÍS einnig aflamet er hann kom með 27,4 tonn af steinbít að landi sem fékkst út af Horni.

Hálfðan Einarsson ÍS er gerður út af Völusteini ehf. í Bolungar-



Einar Hálfðans ÍS kemur til hafnar í Bolungarvík. Ljós: vikari.is.

vík og skipstjóri er Björn Elías Halldórsson en aðrir í áhöfninni eru Guðbjarni Karlsson og Birgir Loftur Bjarnason. Einar Hálfðans

ÍS er 15 brúttótonna krókaaflamarksbátur og er í eigu Blakkness ehf. í Bolungarvík. Afliinn í síðustu viku, 20,1 tonn, er sá næst-

mesti sem báturinn hefur fengið í einni veiðiferð til þessa en mánuður er síðan Einar Hálfðans ÍS kom með 21,3 tonn að landi. Í

áhöfn bátsins í veiðiferðinni var skipstjórinn Steinar Hermann Ásgeirsson og Falur Þorkelsson. – smari@bb.is

Styttist í afhendingu og enn ósamið um rekstur

Enn er ósamið um rekstur hjúkrunarheimilisins Eyrar á Ísafirði. Gísli Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar, hefur þó fulla trú á að samningar náist við ríkið. Hann átti í viðræðum í heilbrigðisráðuneytinu fyrir páska.

„Miðað við það sem við höfum rætt við ráðuneytið og viljayfirlýsingu frá Heilbrigðisstofnun Vestfjarða þá sé ég ekki annað en að það verði hægt að semja í tæka tíð,“ segir Gísli Halldór. Húsið verður tilbúið til afhend-

ingar í júní. Gísli Halldór segir að bænum hafi verið tilkynnt í síðustu viku að Sjúkratryggingar Íslands hafi frá áramótum verið með samningsumboð ríkisins. Hann segir að þetta hafi komið á óvart.

„Þetta kom ekki fram á fundinum í ráðuneytinu fyrir páska. Nú eru okkar fyrstu skref að hafa samband við Sjúkratryggingar og óska eftir fundi á næstu dögum.“ Það eru fleiri sveitarfélög sem eiga eftir að semja við ríkið um rekstur hjúkrunarheimila, eins og Fljótshálsa og Bolungarvíkurkaupstaður og þar er staðan sú

að hjúkrunarheimilin eru því sem næst tilbúin og beðið eftir samningum um reksturinn. Gísli Halldór segir að bænum sé frjálst að semja við hvern sem er um reksturinn en stefnan hafi frá upphafi verið að Heilbrigðisstofnun Vestfjarða sjái um reksturinn og hefur hann fulla trú á að það gangi eftir. – smari@bb.is



Vortónleikar Karlakórs Rangæinga

Karlakór Rangæinga heldur tónleika í félagsheimilinu á Þingeyri föstudagskvöldið 24. apríl kl. 20:30.

Þá syngja Karlakór Rangæinga og Karlakórinn Ernir sameiginlega tónleika í Ísafjarðarkirkju, laugardaginn 25. apríl kl. 16:00.

Fjölbreytt söngdagskrá. Miðaverð kr. 2.500.- (posi á staðnum), frítt fyrir börn og unglinga að 16 ára aldri.

Sjá einnig: www.karlar.is.

Eftirspurn eftir leiguhúsnæði eykst

Eftirspurn eftir leiguhúsnæði á Ísafirði hefur aukist síðustu misseri. „Ég hef orðið var við að eftirspurnin er að aukast. Það er allt fullbókað hjá okkur en ekkert langir biðlistar en auðvitað vildi maður geta bjargað öllum,“ segir Marzellíus Sveinbjörnsson, hjá Fasteignum Ísafjarðarbæjar. Í kjölfar meiri eftirspurnar hefur Ísafjarðarbær fækkað íbúðum sem Héraðssamband Vestfjarða hefur fengið úthlutað fyrir íþróttamenn og þjálfara. Og það er ekki bara á Ísafirði þar sem eftirspurn er eftir leiguhúsnæði.

Marzellíus segir að þrjár íbúðir í eigu Ísafjarðarbæjar hafi losnað á Þingeyri í kjölfar umröts á atvinnumálum í þorpinu. „Ég bjóst alveg við að þær yrðu tómar í einhvern tíma en þær fóru strax í leigu aftur,“ segir hann. Leigufélagið Hlíðakjör á blokkina í Fjarðastræti 7 og 9, svokallaða kennarablokk. „Það er alltaf verið að spyrja um íbúðir og síðasta mánuðinn hef ég fengið margar fyrirspurnir. En það er allt fullt hjá okkur og engar íbúðir í uppsögn,“ segir Kristinn M. Einarsson, einn eigenda Hlíðakjörs.

Tilbúinn að skoða sölu á byggðakvóta

Sigurður Ingi Jóhannsson, landbúnaðar- og sjávarútvegsráðherra, segir eðlilegt og sjálfsagt að skoða verði hvort heppilegra sé að selja byggðakvóta og nýta fjármuni í uppbyggingu á viðkomandi svæði. Þetta kom fram í svari ráðherra við fyrirspurn frá Sigurði Erni Ágústssyni, þingmanni Sjálfstæðisflokksins í Norðvesturkjördæmi. Sigurður Örn spurði ráðherra hvort til greina kæmi að festa á sveitarfélög byggðakvóta sem þau gætu selt eða leigt frá sér og nýtt það fjármagn sem fengist í nýsköpun í heimabyggð. Samkvæmt gildandi lögum er meginreglan sú að byggðakvóta er úthlutað til veiða og vinnslu í þeim sveitarfélögum sem fá byggðakvóta til tímabundinnar ráðstöfunar. Í svari Sigurðar Inga kom fram að í lögum er engin heimild fyrir sveitarfélög til að selja eða leigja byggðakvóta með þessum hætti.

Vorið 2014 samþykkti Alþingi breytingu á lögum um stjórn fiskveiða. Í henni fólst að ráð-



herra skal eigi sjaldnar en á þriggja ára fresti leggja fyrir Alþingi tillögu til þingsályktunar um meðferð og ráðstöfun þess aflamagns sem til ráðstöfunar er til atvinnu-, félags- og byggðaupbyggingar eða 5,3% úthlutaðra aflaheimilda. Byggðakvótar falla undir þessi 5,3%. Í sjávar-

útvegsráðuneytinu er unnið að gerð slíkrar tillögu til þingsályktunar og segir í svari ráðherra að þingmönnum úr öllum flokkum hafi verið boðið að taka þátt í vinnu við undirbúning hennar. Að mati ráðherra er eðlilegt og sjálfsagt í þeirri vinnu að velta upp þeim spurningum sem lagðar

eru fram í fyrirspurn Sigurðar Arnar og þá hvort nýting á þessum aflaheimildum í atvinnu-, félags- og byggðatilliti væri betri

ef heimildirnar yrðu seldar að hluta eða öllu leyti og tekjurnar nýttar til uppbyggingar á viðkomandi svæði. — smari@bb.is



Annatími framundan

Karلاكórinn Ernir hefur lokið upptökum á geisladisk sem fer í framleiðslu á næstu vikum. Á disknum eru á annan tug laga þar af mörg vestfirsk og hafa sum þeirra ekki verið gefin út fyrr. Meðal höfunda laga á disknum má nefna Bolvíkinginn Magnús Hávarðarson og Vilberg Vilbergsson (Villa Valla). Annatími er framundan hjá kórnum en árlegir vortónleikar hans hefjast um miðjan næsta mánuð. Þeir verða m.a. haldnir á Ísafirði, í Bolungarvík og á Þingeyri. Helgina 25. og 26. apríl er Karلاكór Rangæinga væntanlegur til Ísafjarðar og heldur tónleika í Ísafjarðarkirkju ásamt heimamönnum og helgina á eftir kemur Skaftfellingakórinn í heimsókn og heldur tónleika í Ísafjarðarkirkju. Karلاكórinn Ernir ráðgerir að fara í tónleikaferð um mánaðarmótin maí/júní til að kynna diskinn á höfuðborgarsvæðinu.

Rætt um aukna starfsemi á Ísafirði

Gísli Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar, Arna Lára Jónsdóttir, formaður bæjarráðs og Nanný Arna Guðmundsdóttir, forseti bæjarstjórnar, funduðu fyrir helgi með Eyþóri Björnssyni fiskistofustjóra þar sem rætt var um horfurnar á mönnum útibús Fiskistofu í Ísafjarðarbæ. Á fundinum lögðu fulltrúar Ísafjarðarbæjar fram áherslur sveitarfélagsins og hugsanlega möguleika til að styrkja

framtíðarstarfsemi Fiskistofu í sveitarfélaginu. Að sögn Gísla Halldórs var skipst á skoðunum og lýsti fiskistofustjóri yfir vilja til að byggja upp útibúið á Ísafirði. Líklegt er að lögð verði áhersla á önnur störf en aðeins fiskieftirlit. Ákveðið var að vinna með Fiskistofu að farsælli niðurstöðu í málum útibúsins á Ísafirði.

Fulltrúar Ísafjarðarbæjar funduðu einnig með Jóhanni Sigurjónssyni forstjóra Hafrannsóknar-

stofnunar um möguleika á styrkingu útibús stofnunarinnar í Þróunarsetrinu á Ísafirði. Líklegt er að hægt verði að afla útibúinu frekari verkefna, m.a. í ljósi þróunar í fiskeldismálum á Vestfjörðum og ætti það að geta leitt til aukinnar mönnunar í útibúinu. Fulltrúar bæjarins lögðu áherslu á að leita ætti möguleika til aukins samstarfs við Háskólasett Vestfjarða sem orðið gætið bæði Hafró og Háskólasetri til eflingar.



Lausar stöður

Eftirtaldar stöður eru lausar til umsóknar við Grunnskóla Bolungarvíkur.

Proskapjálfi, 100% staða.

Kennari á unglingastigi, 100% staða.

Umsjónarkennari á yngsta stigi, 100% staða.

Íþróttakennari, 100% staða.

Smíðakennari, 50% staða.

Umsóknarfrestur er til og með 15. maí 2015. Umsóknir skulu sendar til skólustjóra á netfangið steinunn@bolungarvik.is. Allar nánari upplýsingar veitir Steinunn Guðmundsdóttir skólustjóri í síma 456 7249 og/eða í gegnum netfangið steinunn@bolungarvik.is.

Í Grunnskóla Bolungarvíkur eru 125 nemendur í 1.-10. bekk. Samkennsla er í 4. og 5. bekk og mikil samvinna á unglingastigi.

Aðalfundur

Aðalfundur Félags eldri borgara á Ísafirði fyrir árið 2014 verður haldinn mánudaginn 27. apríl kl. 15:00 í félagsheimilinu Nausti.

Venjuleg aðalfundarstörf.

Gestur fundarins verður Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, formaður LEB.

Stjórnin.



Útgefandi: Gúttó ehf., kt. 680501-2620
Afgreiðsla og ritstjórn: Silfurgötu 1, Ísafirði, sími 456 4560
Ritstjóri BB og bb.is: Sigurjón J. Sigurðsson, 892 5362, bb@bb.is
Ábyrgðarmaður: Sigurjón J. Sigurðsson.
Blaðamaður: Smári Karlsson, 866-7604, smari@bb.is
Auglýsingar: Sími 456 4560, auglysingar@bb.is
Prentvinnsla: Litróf ehf.
Upplag: 2.200 eintök
Dreifing: Íslandspóstur. Dreift án endurgjalds inn á öll heimili á norðanverðum Vestfjörðum
Stafræn útgáfa: www.bb.is / facebook.com/pages/bbis
Önnur útgáfa: Á ferð um Vestfirði
 ISSN 1670-021X

Tekið er á móti auglýsingum á pósthafið bb@bb.is.
 Auglýsingar þurfa að berast fyrir kl. 17 á mánudögum fyrir útgáfudag sem er almennt á fimmtudögum.

Ritstjórnargrein

Litli leikklúbburinn

Þrenn tímamót eru í vikunni. Í fyrsta lagi kveður veturinn sem fáir virðast sakna, veðurfarslega. Í öðru lagi heilsar sumarið sem vonast er eftir að komi með betri tíð og blóm í haga, eins og Kiljan orðar það í einu kvæða sinna. Þriðju tímamótin, sem tengjast ekki veðurfari með neinum hætti, er hálfra aldar afmæli Litla leikklúbbsins.

Í engu er ofsagt að í ár og aldir hefur hvers kyns menning blómstrað í samfélaginu á Eyri við Skutulsfjörð. Ein af þeim listgreinum sem dafnað hefur í faðmi hinna bláu fjalla er leiklistin. Vitað er með vissu um slíkar uppkomur á síðari hluta nítjándu aldar. Lengst af mun ferillinn hafa gengið upp og ofan, eins og gengur á flestum sviðum, stundum viðraði vel, byr var í seglin og tiltölulega stutt milli viðburða; þess á milli lagðist lognmollan yfir.

Í þeim fáu línunum sem hér eru til umráða verður ekki reynt að ráða í tildrög þess að hópur ungs fólks fann sig til knúinn að taka höndum saman og stofna leikfélag. Ef til vill var það fámenni aðstandenda sem olli nafngiftinni, þegar þar að kom, og ef til vill var það af nokkru tillitssemi við starfandi leikfélag í bænum, allt frá árinu 1922, Leikfélag Ísafjarðar. Því þótti vel við eiga að þessi fámenni hópur veldi sér nafn við hæfi og því varð Litli leikklúbburinn til 24. apríl 1965. Þar með var tengingnum kastað og ekki aftur snúið.

Hér verða ekki tilgreind nöfn þeirra sem með einum eða öðrum hætti hafa markað spor í sögu leiklistar á Ísafirði. Hætta er á að með því yrðu feilspor stigin. Hitt skal umbúðalaust sagt að öllu þessu fólki skuldum við miklar þakkar, sem í dag verða best goldnar með því að styðja við bakið á þeim sem nú standa í eldlínunni.

Horft yfir sviðið er ljóst að margir vestfirskir leikarar, sem sumir hverjir stigu sín fyrstu spor á fjölnum heima fyrir, voru og eru meðal þekktustu leikara landsins. Ef til vill sýnir það betur en marga hvaða tök leiklistargyðjan hefur öllum tímum haft á Vestfirðingum. Litla leikklúbbum eru færðar þakkar og hamingjuóskir með ósk um glæsta vegferð framundan.

Bæjarins besta óskar lesendum sínum gleðilegs sumars.

s.h.

Spurning vikunnar

Ert þú með yfirdráttarlán?

Alls svöruðu 402.

Já sögðu 125 eða 31%

Nei sögðu 277 eða 69%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.



Frá undirritun verksamnings. F.v. Alfreð Erlingsson, framkvæmdastjóri Vestfirskra verktaka og Ragnar Emilsson, deildarstjóri hjá Orkubúinu.

Orkubú Vestfjarða skiptir út orkumælum

Orkubú Vestfjarða óskaði nýlega eftir verðtilboðum í mælaskipti á 849 varmaorkumælum á Flateyri, Ísafirði, Patreksfirði, Suðureyri og í Bolungarvík. Mælaskiptunum á að vera lokið fyrir 31. desember. Hægt var að gera verðtilboð í öll mælaskiptin í heild eða fyrir tiltekin. Vestfirskir verktakar ehf. áttu lægsta

tilboð í mælaskiptin á Ísafirði og var skrifað undir verksamning við þá í síðustu viku. Verið er að semja um mælaskipti á öðrum stöðum.

Með þessu átaki er verið að skipta út eldri varmaorkumælum, sem settir voru upp á árunum 1992-98, og setja upp nýja kynslóð löggiltra fjarálesanlegra

mæla framleiddum af Kamstrup í Danmörku. Orkubúið rekur innra eftirlitskerfi með varmaorkumælum sem er viðurkennt af Neytendastofu. Á þessu ári er einnig verið að skipta út eldri raforkumælum og í árslok 2015 verða allir raforkumælur af nýrri kynslóð löggiltra sölumæla.

– smari@bb.is

1,8% stöðugilda ríkisins á Vestfjörðum

Höfuðborgarsvæðið er eini landshlutinn með hærri hlutfall stöðugilda ríkisins en sem nemur hlutfalli af heildar íbúafjölda. Á ársfundi Bygðastofnunar í Vestmannaeyjum fyrir skemmstu voru birtar niðurstöður könnunar sem Bygðastofnun hefur gert á staðsetningu ríkisstarfa miðað við áramótin 2013/2014. Á höfuðborgarsvæðinu er 72% af stöðugildum ríkisins en þar búa 64,1% af íbúum landsins. Á Vestfjörðum eru 1,8% af stöðugildanna og 2,1% íbúafjöldans. Suðurnes koma verst út úr könnuninni. Þar eru 3,9% stöðugildanna en 6,6% íbúafjöldans. Stöðugildi kvenna voru 14.141 og stöðugildi karla 8.425.

Ríkið er með um það bil 70% opinberra útgjalda á Íslandi en sveitarfélögin 30%. Þessu er þveröfugt farið annars staðar á Norðurlöndunum. Af því leiðir að stærri hluti opinberra starfa á Íslandi eru á vegum ríkisins, beint og óbeint, en á hinum Norðurlöndunum.

Í stefnumótandi byggðaaætlun 2014 til 2017 segir að stuðlað verði að fjölbreyttum atvinnu-

tækifærum um allt land með dreifingu starfa á vegum ríkisins. Einnig að staðsetning opinberra starfa verði notuð með markviss-

um hætti til að skapa störf og efla mannauð og fagumhverfi um land allt.

– smari@bb.is



Garðatorg Eignamiðlun, sími 545 0800 kynnir til sölu tvær íbúðir við Aðalstræti 22b á Ísafirði. **Íbúð á 3. hæð**, 98,8m², 4ra herb. Fasteignamat: 9.460.000.- Brunabótamat: 20.400.000.- Íbúðinni fylgir sér 7,5m² geymsla í kjallara, samtals birt séreign 106,3m². Verð 9,8 milljónir króna.

Íbúð á 2. hæð, 89,9m², 3ja herbergja. Fasteignamat: 9.150.000.- Brunabótamat 18.750.000.- Íbúðinni fylgir sér 6,8m² geymsla í kjallara, samtals birt séreign 96,7m². Verð 7,4 milljónir króna.

Íbúðirnar seljast saman og eru þæt til afhendingar við undirritun kaupsamnings.

Allar nánari uppl. veitir Steinar í síma 898 5254 eða á netfanginu steinar@gardatorg.is.



Sigurður Hjartarson.

Fái að njóta sterkari stofns

Strandveiðitímabilið hefst 4. maí nk. Sigurður Hjartarson, sjómaður í Bolungarvík og formaður Smábátafélagsins Eldingar, segir að hugur sé í sjómönnum fyrir komandi vertíð. „Það er einn og einn bátur farinn niður og því líf í kringum hafnirnar, dráttartæki að draga báta á kerrum, skoðunarmenn á ferð og menn að dytta að. Allt þetta sem fylgir vorinu. Einhverjir hafa leigt sér kvóta til að fara í prufuferðir á bátunum og sjá hvort allt sé í lagi áður en veiðarnar hefjast,“ segir Sigurður. Aðspurður hvort að fyrirkomulag veiðanna verði eins og síðustu ár segir Sigurður að samkvæmt hans upplýsingum hafi sjávarútvegsráðherra sagt að fyrirkomulagið yrði óbreytt.

„Við erum að reyna að knýja fram breytingar. Við höfum talað fyrir fjórum veiðidögum í viku þessa fjóra mánuði og sú krafa stendur. En það sem við erum að skoða núna er að fá heildarpottinn aukinn um 2000 tonn,“ segir Sig-

urður og bendir á að í upphafi hafi strandveiðipotturinn verið 8.600 tonn. „Síðan hefur heildarúthlutun í þorski aukist og við teljum 2000 tonna aukningu vera í samræmi við auknar aflaheimildir almennt og betra ástand á þorskstofninum. Maður er að heyra að togararallið hafi komið mjög vel út og þá vonast maður eftir að aflaheimildir aukist og að strandveiðimenn fái einnig að njóta þess.“

Hann segir að aukaúthlutun myndi breyta miklu um afkomumöguleika strandveiðibáta. „Það vantar svo lítið upp á til að það verði skárri að eiga við þetta og strandveiðar verði góð viðbót við atvinnulífið. Strandveiðimenn á Vestfjörðum vilja einnig sjá breytingar dagafjölda milli strandveiðisvæða. „Það þarf að jafna á milli veiðisvæða. Á einum svæði eru menn 60 daga á sjó en á öðrum 35 daga. Þetta er eitthvað sem verður að skoða,“ segir Sigurður Hjartarson.

Fyrstu veiðimennirnir mæta á svæðið

Sjóstangaveiðitímabilið er handan við hornið. Von var á fyrstu veiðimönnum á vegum Iceland Pro Fishing í þessari viku. „Þetta fer rólega af stað eins og venjulega og svo trappast þetta upp og um miðjan maí verður allt komið á fullan damp,“ segir Steinþór Bjarni Kristjánsson, framkvæmdastjóri Iceland Pro Fishing. Fyrirtækið verður með sextán báta í rekstri í sumar og halda veiðimennirnir til á Flateyri og á Suðureyri. Bókanir eru með svipuðu móti og síðustu ár að sögn Steinþórs Bjarna en dreifast betur yfir tímabilið.

„Það sem hefur mest um það

að segja er hvernig vorið árið undan var. Síðustu vor hafa verið fín, bæði gott veður og góð veiði og því eru menn spennir að koma snemma. Nú er bara að vona að við fáum góða tíð,“ segir hann. Að vanda er uppistaða veiðimannanna frá Þýskalandi og að sögn Steinþórs er alltaf einhver reytingur af veiðimönnum annars staðar úr Evrópu. Veiðitímabilið stendur fram í september. Sjóstangaveiði erlendrar veiðimanna á Vestfjörðum hófst af fullri alvöru fyrir um áratug síðan og hefur reynst mikilvæg viðbót við ferðaþjónustu og atvinnulíf á svæðinu.

– smari@bb.is



SÓKNARÁÆTLUN
VESTFJARÐA

Uppbyggingarsjóður Vestfjarða

Stofnaður hefur verið nýr Uppbyggingarsjóður Vestfjarða sem rekinn er innan vébanda Sóknaráætlunar landshlutans og er í umsjón Fjórðungssambands Vestfirðinga.

- Veitir styrki til atvinnuþróunar- og nýsköpunarverkefna, menningarverkefna og stofn- og rekstrarstyrki til menningarstofnana
- Kemur í stað Menningarráðs Vestfjarða og Vaxtar-samnings Vestfjarða
- Umsóknarfrestur til og með 30. apríl
- Upplýsingar og sérstakt umsóknareyðublað á www.vestfiridir.is/Uppbyggingarsjodur

Umsóknir sendast á uppbygging@vestfiridir.is



Umsóknarfrestur
til og með 30. apríl



U.p.b. 60 milljónir
til ráðstöfunar

Aðalfundur

Skógræktarfélags Ísafjarðar

verður haldinn 30. apríl 2015 kl. 20 í Rögnvaldarsal Edinborgarhússins (uppi).

Dagskrá:

1. Skýrsla stjórnar
2. Reikningar lagðir fram og samþykktir
3. Inntaka nýrra félaga
4. Stjórnarkjör
5. Verkefni til umræðu
 - 5.1 Gróðursetning
 - 5.2 Stígur frá Skíðavegi út í Stóruðarskóg
 - 5.3 Hópur á vegum Skógræktarfélags Íslands, grisjun, stígaviðhald
 - 5.4 Stígur í hring um Tungudal
 - 5.5 Gönguferðir fræðslumál
6. Önnur mál

Kaffiveitingar

Stjórnin.

Fellur betur að vera

„Allt í einu fengum við Hafsteinn þá hugmynd að gaman væri að prófa að búa úti á landi. Við höfðum alla tíð átt heima í Reykjavík, öll okkar þrjátíu og rúmlega þrjátíu ár. Okkur datt bara í hug að breyta til. Svo sá hann í Mogganum eða einhvers staðar að auglýst var eftir aðstoðarframkvæmdastjóra í heildverslun úti á landi. Það kom ekki fram hvar úti á landi þetta var, við vissum ekkert um það, en hann ákveður að senda inn umsókn. Síðan er hann kallaður í viðtal, og þetta reynist vera Sandfell á Ísafirði.

Við hefðum auðvitað alveg eins getað lent á Húsavík eða Hornafirði. En þetta var semsé Ísafjörður, Hafsteinn fékk starfið og við fluttum vestur. Við vorum fyrst í leiguhúsnæði í tvö ár vegna þess að við vildum gefa þessu tækifæri og tíma, en keyptum okkur síðan hús og erum hér enn.“

– Og í sama húsinu.

„Já, húsinu við Hlíðarveginn sem við keyptum og fluttum í árið 1979.“

Þetta segir Halla Sigurðardóttir, sem er meðal þeirra sem lengst og mest hafa starfað í Litla leikklúbbnum á Ísafirði. Kannski lengst og mest allra, hér verður ekki samt ekki kafað neitt nákvæmlega ofan í það.

Þannig hittist á, að daginn þegar þetta blað kemur út á Litli leikklúbburinn á Ísafirði fimmtíu ára afmæli, en hann var stofnaður 24. apríl árið 1965. Það er því ekki tilviljun að einmitt í þessu tölublaði skuli Halla Sigurðardóttir vera í viðtali.

Fasteignasala og borgarskrifstofur

Það var árið 1977 sem þau Halla og Hafsteinn Vilhjálmsson eiginmaður hennar settust að á Ísafirði, og strax þá um haustið byrjaði Halla að starfa með Litla leikklúbbnum, eins og fram kemur hér á eftir. En fyrst skal spurt:

– Hvað voruð þið að fást við áður en þið komuð hingað vestur?

„Hafsteinn var að vinna á fasteignasölu en ég var að vinna á borgarskrifstofunum.“

– Og þú varst síðan löngum útvinandi á Ísafirði.

„Já, allan tímann þangað til núna fyrir þremur árum, þá hætti ég að vinna.“

Fyrstu fjórtán árin á Ísafirði var Halla á skrifstofunni í Norðurtanganum.

„En svo áttaði ég mig allt í einu á því að ég þyrfti að fara að ákveða hvort ég ætlaði að vera á

skrifstofu allan minn starfsaldur, eða breyta til. Og ég komst að þeirri niðurstöðu að þetta væri rétti tíminn, ef ég ætlaði á annað borð að breyta til.

Ég hætti á skrifstofunni og fór að vinna á leikskóla, á Hlíðarskjóli. Þar var ég í áratug eða til vorsins 2001, við vorum þá reyndar flutt á nýja leikskólann Sólborg. Síðasta veturinn hafði ég verið stuðningsmaður fyrir einhverfan dreng sem var á leikskólanum. Ég ákvað síðan að þegar hann færi í grunnskóla myndi ég fylgja honum eftir í skammtíamavistunina sem þá var verið að stofna fyrir hann og stúlku sem líka var einhverf, vegna þess að það hentaði þeim ekki að vera í dægradvölinni eftir skóla. Upp frá þessu starfaði ég við málefni fatlaðra alveg þangað til ég hætti að vinna árið 2012.“

Kristín Karlsdóttir var örlagavaldurinn

– Hvernig urðu þín fyrstu tengsl við Litla leikklúbbinn?

„Með mér á skrifstofunni í Norðurtanganum vann stúlka sem heitir Kristín Karlsdóttir. Eigum við ekki bara að orða það svo, að hún hafi vélað mig með sér á félagsfund í Litla leikklúbbnum? Þetta var í september 1977, og þar hef ég verið síðan.“

Og þannig eru árin hennar Höllu Sigurðardóttur í þeim ágæta félagskap að verða 38 núna í haust.

Hvísilari í Grænu lyftunni

– Manstu eftir þessum fyrsta félagsfundinum?

„Já, ég man mjög vel eftir honum. Þessi fundur var eins og aðrir á þeim tíma haldinn í Selinu í Hnífsdal, sem var allt í senn æfingahúsnæði klúbbsins, aðstaða fyrir fundi og geymsla fyrir leiktjöld og búninga og alla leikmuni. Á þessum fundi var tekin ákvörðun um að setja upp *Grænu lyftuna*. Mig minnir að búið hafi verið að ráða leikstjóra, sem var Kristín Anna Þórarinsdóttir, alveg yndisleg kona. Ég tók að mér hlutverk hvíslara í sýningunni.

Þetta var óskaplega skemmtilegt. Kristín Anna var auðvitað eins og ég var að segja, leikhópurinn og allir sem voru í kringum þetta voru skemmtilegir, léttir, kátir og glaðir.

Ég held að það hafi skipt máli að fyrsta reynslan var góð, að maður fékk fyrstu mánuðina í þessu starfi svona skemmtilega.“

– Hverjir voru helstu leikend-

urnir í þessari fyrstu uppfærslu sem þú tókst þátt í með Litla leikklúbbnum, *Grænu lyftunni* árið 1977?

„Ég held að ég geti alveg talið þá upp. Það voru Pétur Svavars-son, María Maríusdóttir, Guðmundur Rúnar Heiðarsson, Ásthildur Cesil Þórðardóttir, Jón Baldvin Hannesson og Kristín Hálfdánardóttir og í litlum hlutverkum þeir Helgi Björnsson og Jens Valdimarsson.“

– Hafðir þú verið eitthvað í leikstarfsemi áður en þú komst til Ísafjarðar?

„Nei, aldrei.“

– Og kannski aldrei dottið það í hug?

„Alveg örugglega ekki. Þetta er einmitt munurinn á því að búa á stórum stað eins og fyrir sunnan og á litlum stað eins og hér, þar sem flestir þekkja flesta. Að minnsta kosti finnst mér miklu auðveldara að komast í félagsstarf á svona litlum stað, ef maður vill á annað borð vera í félagsstarfi, sem ég vissi að ég vildi.“

Fellur betur að vera á bak við tjöldin

– Þarna varstu hvísilari í upphafi, en forstu svo fljótlega að leika og hefurðu gert mikið af því gegnum árin og áratugina?

„Nei, ég hef mjög lítið leikið.“

– En unnið þeim mun meira á bak við tjöldin ...

„Já, það má segja það. Mér hefur alltaf fallið það vel. Ég var síðan formaður tvisvar, fyrst í þrjú og hálft ár eða frá ársbyrjun 1980 og fram eftir ári 1983. Eftir svoltið hlé tók ég aftur að mér formennsku og var þá aftur þrjú og hálft ár eða frá vori 1984 og mestan hluta árs 1987. Að öðru leyti hefur maður bara gert það sem maður hefur getað, alveg sama hvað það hefur verið.

Reyndar lék ég strax árið 1978 í leikritinu *Sá sem stelur fæti verður heppinn í ástum* eftir Dario Fo og síðan lék ég í *Halelúja* eftir Jónas Árnason árið 1981. Auk þess hef ég lesið upp á barnaskemmtunum og slíkt, en annars hef ég ekki haft neina ánægju af því að stíga á svið.“

Nóg að gera við undirbúning afmælisins

Fyrir utan formannsárin samtals sjö fyrir margt löngu hefur Halla oftast einu sinni átt sæti í stjórn Litla leikklúbbsins og núna hefur hún verið gjaldkeri í þrjú ár.

„Þegar ég hætti að vinna fyrir réttum þremur árum, þá ákvað

ég að það sem ég vildi fyrst og fremst gera með mínar tólmstundir væri að vinna með Litla leikklúbbnum. Síðustu þrjú árin höfum við í rauninni allan tímann verið að undirbúa fimmtíu ára afmælið, sem við erum núna að halda upp á.“

Á sama aðalfundi fyrir rétt tæpum þremur árum þegar Halla kom inn í stjórn Litla leikklúbbsins á nýjan leik tók Steingrímur Rúnar Guðmundsson (Denni) við formennsku. Síðan hafa þau í sameiningu verið framkvæmdastjórnar klúbbsins og stjórnað undirbúningi hátíðahaldanna vegna fimmtugsafmælisins.

Þar fyrir utan kemur út afmælisrit, sem sérstök ritnefnd hefur haft veg og vanda af, og sérstök nefnd hefur undirbúið afmælisýninguna sem opnuð verður í Safnahúsinu á Ísafirði núna á afmælisdaginn. Umsjón bæði afmælisritsins og afmælisýningarinnar hefur fyrst og fremst verið í höndum Ómars Smára Kristinssonar og Nínu Ívanóvu.

Að sjá hugmyndina þróast og verða að sýningu

– Þú segist ekki hafa neitt gaman af því að vera sjálf á sviði. Hvað er þá svona skemmtilegt við allt þetta stúss í undirbúningi og utnumhaldi og sjást svo ekki þegar hápunktinum er náð og verkin fara á svið fyrir augum almenninga?

„Það er svo margt sem þarf að gera annað en að vera á sviðinu. Það sem ég hef í rauninni haft mest gaman af er að sjá þetta verða til, sjá hugmynd sem fæðist og þarf síðan að þróa, sjá hugmyndina mótast og þróast og verða að sýningu. Það er þetta sem heillar mig.“

–Trúlega veistu ekkert með hversu mörgu fólki þú hefur starfað í Litla leikklúbbnum á þessum hátt í fjórutíu árum. Það skiptir væntanlega hundruðum.

„Já, það gerir það sjálfsagt. Sem betur fer hefur alltaf verið til ákveðinn kjarni sem hefur starfað árum saman og sumir áratugum saman. Á hinn bóginn hafa alltaf verið geysileg mannaskipti, sumir eru með bara einu sinni.

En það sem mér finnst áhuga-verðast, eða óhugnanlegast, þegar ég horfi til baka yfir þennan tíma, er hversu óskaplega margir hafa flutt burt og og hve margir hafa stoppað hér tiltölulega stutt. Ætli Litli leikklúbburinn sé ekki búinn að setja upp kringum sextíu verk eða meira á þessum árum síðan ég byrjaði? Þó að ég hafi

ekki verið viðriðin allar þær sýningar, þá hlýtur það fólk sem ég hef unnið með að skipta hundruðum. Og hrikalega stór hluti af því fólki er fluttur burt.“

Ef við flytjum héðan ...

– Heldurðu að þið Hafsteinn flytjið líka suður aftur?

„Nei, ég held ekki. Stundum hefur maður kannski spurt sjálfan sig um þetta, núna þegar maður eldist og þegar Hafsteinn verður líka hættur að vinna, hvort við ættum þá að flytja suður. En svarið er alltaf nei. Við reiknum alls ekki með því að flytja burtu.

En það eina sem ég held að við séum með alveg á hreinu: Ef við flytjum héðan, þá yrði það ekki til Reykjavíkur. Þar er alltof erfitt að búa. Þar eru svo miklar vegalengdir og svo margt, margt annað. Það er alls ekki á dagskrá að flytja suður.“

Hafsteinn var notaður í allt

– Hefur Hafsteinn verið í leikstarfinu á Ísafirði líka?

„Já, hann var það. Hann var notaður í hreinlega allt sem þurfti hjálparhanda við. Hann var mikið í því að smíða leikmyndir og selja miða og snúast í kringum þetta á allan hátt. Hann var kannski mest í þessu á fyrstu árunum en var eiginlega alla tíð að gera eitthvað. Núna er farinn að linast í þessu og eiginlega alveg hættur. Hann er náttúrulega orðinn sjótgur og er að vinna frá klukkan sjö á morgnana fram til fimm-sex á daginn og alltaf á laugardögum, og það er eiginlega alveg nóg fyrir hann.“

Eins og áður kom fram var ástæða þess að Hafsteinn og Halla komu til Ísafjarðar sú, að hann var ráðinn aðstoðarframkvæmdastjóri hjá Sandfelli. Liðlega hálfum áratug seinna eða vorið 1983 stofnaði hann sitt eigið umboðsfyrirtæki og hefur rekið það síðan og verið með bílaumboð mörg seinni árin.

Man lítið annað

en það skemmtilega

Þegar Halla er beðin að rifja upp einhver sérstök atvik í starfinu í Litla leikklúbbnum þessa áratugi vefst henni tunga um tönn. Hún hugsar sig um og segir svo:

„Veistu, þetta rennur allt svo saman. En þegar maður lítur til baka, þá hefur þetta allt verið skemmtilegt. Ég held líka að það sé eitthvað bundið mannsheilanum, að muna frekar það skemmtilega og gleyma bara því sem var

Á bak við tjöldin

leiðinlegt! Oft var maður auðvitað þreyttur, þarna var maður alltaf að vinna fullan vinnudag og síðan bættist þetta við, en ég man afskaplega lítið annað en það skemmtilega.“

– Og ekkert sem segja má að hafi verið neyðarlegt meðan á því stóð en kannski skemmtilegt eftir á?

„Þetta er nú eiginlega helvíti góð spurning. Það var alltaf eitthvað að koma fyrir, ljós að klikka, texti sem gleymdist illilega og þar fram eftir götunum. Svo kom fyrir að það var svo lítil aðsókn að það varð að fella niður sýningu. Kannski komu sex manneskur og við sögðum: Því miður verður að fella sýninguna niður. Það var erfitt, og það gerðist sem betur fer ekki oft.“

Venjulega þegar aðsókn var lítil, sem oft var, hún var nú misgóð, þá lét fólk sig bara hafa það að sýna fyrir þá sem komu, þó að þeir væru fáir, og þá var kannski reynt að hafa ennþá sterkari og betri sýningu en endranær.“

Áf leikferðum

– Stundum hefur Litli leikklúbburinn farið í leikferðir með sýningarnar sínar. Hefur þú farið í margar slíkar?

„Nei, ekki margar. Ég man samt mjög vel eftir því þegar við fórum fyrsta veturinn minn hér með *Grænu lyftuna* til Suðureyrar, sennilega milli jóla og nýárs. Kannski man ég það svo vel vegna þess að ég var svo nýflutt hingað vestur og hafði ekki kynnst vestfirsku fjallvegumum svo heitið gæti. Leiktjöldin voru flutt á bíl Netagerðarinnar, enda var Magni Guðmundsson náttúrulega á kafi í Litla leikklúbbnum.“

Við fórum í ágætisveðri og allt það, en þegar við vorum að fara heim var farið að snjóá. Þá voru göngin ekki komin, og ég man að á leiðinni upp á Botnsheiðina þurftu nokkrir að standa á afturstuðaranum og þyngja hann að aftan svo að hann kæmist upp brekkurnar.

Eins fórum við í einstaklega skemmtilega helgarferð til Patraksfjarðar með *Hart í bak* og við fórum suður með *Fjalla-Eyvind*. Svo ferðumst við með leikritið *Úr aldaannál*. Við vorum fyrsta áhugaleikfélagið sem var boðið að sýna á Listahátíð í Reykjavík og sýndum leikritið í Íslensku óperunni. Ég var með í þeirri ferð. Svo var farið með verkið á leiklistarhátíð í Danmörku, en ég var ekki með í þeirri ferð. Þangað fóru eins fáir og hægt var

að komast af með, þetta kostaði mikla peninga og alveg ástæðulaust að formaðurinn væri neitt að skælast með.“

Ýmis félagsstörf en LL í fyrsta sætinu

Halla hefur alla tíð tekið mikinn þátt í félagsmálum á Ísafirði, þó að þar fari að vísu mest fyrir Litla leikklúbbnum. Þannig voru þau Hafsteinn í hópi þeirra sem stofnuðu Golfklúbb Ísafjarðar á sínum tíma og störfuðu þar bæði í mörg ár, sérstaklega Hafsteinn. Hvar hefur hún komið víðar við í þeim efnum?

„Einu sinni var ég formaður Skíðafélags Ísafjarðar í tvö ár og var þá jafnframt hálfgerður framkvæmdastjóri félagsins, ég var formaður Íþrótt- og æskulýðsráðs í fjögur ár, og ég er búin að starfa með Kvenfélaginu Hlíf allavega í aldarfjórðung.“

Jú, auðvitað hefur maður gert hitt og þetta, og kannski og reyndar sennilega er eitthvað fleira sem ég man ekki í svipinn, en samt er það Litli leikklúbburinn sem hefur alltaf verið í fyrsta sætinu. Ég hef alltaf látið hann ganga fyrir í tómstundum.“

Spurning sem maður getur aldrei svarað

– Þú lýstir því hvernig tilviljun réð því að þið Hafsteinn fóruð til Ísafjarðar og settust hér að, en ekki til Húsavíkur eða Hornafjarðar, svo að dæmi séu tekin af handahófi. Vildirðu kannski að þið hefðuð lent annars staðar?

„Nei, ég held ekki. Allavega höfum við verið mjög ánægð hér öll þessi ár. Svo er aftur á móti spurning sem ég hef stundum spurt sjálfa mig: Ef við hefðum nú lent á Höfn í Hornafirði eða Húsavík, eða Hvammstanga eða Hólmavík eða Hofsi, hefði maður ekki bara verið ánægður þar líka? Ef maður hefur einhverja aðlögunarhæfni, þá er þetta auðvitað spurning sem maður getur aldrei svarað. En við höfum sannarlega enga ástæðu til annars en að telja okkur mjög heppin að hafa lent hér á Ísafirði!“

Í veglegu afmælisriti Litla leikklúbbsins, sem kemur út á fimmtugsafmælinu í dag, eru mörg gullkornin í textareitum hjá myndunum óteljandi frá fimmtíu ára sögu. Fáein þeirra fara hér á eftir:

Ernir og Ranný voru byrjuð að vera saman og Ernir og Obba áttu að kyssast í leikritinu. Obba





sagði við Erni: „Ímyndaðu þér bara ég sé Ranný og ég ímynda mér að þú sért karlmaður.“

Farið var með leikritið til sýningar á Suðureyri með varðskipi. Þegar verið var að sigla framhjá Norðurtanganum uppgötvaðist að einn leikarinn hafði gleymst í landi – sjálfur morðinginn í sakamála-leikritinu! Auk þess þurfti varðskipið að elta breskan landhelgisbrjót.

Sviðið á Birkimel á Barðaströnd var of lítið fyrir leikara og leikmynd. Þá voru höfð skipti við áhorfendur; þeir fóru upp á

svið en leikritið fór fram í salnum. Erfiðlega gekk að finna nægilega stóra kvenskó á einn leikarann og varð konan (Lúðvík Jólsson) að leika með tærnar krepptar í skónum.

Þetta verk var það síðasta sem æft var í „Síberíu“, hinum kalda æfingasali í Ísfirðingshúsinu (Vestrahúsinu).

Í einni sýningu á Flateyri þurfti presturinn í Koppalogninu að pissa í 15-20 mínútur, eða þangað til salnum þóknaðist að hætta að hlæja.

Á sýningu einni á Suðureyri

þótti ljósameistarinn sýna snilldarlega takta. Það voru að vísu bara rafmagnstruflanir, en þær pössuðu vel við atburði leikritsins.

LL hafði 7 mínútur til að fjarlægja leikmyndina áður en leikhúsið, Alþýðuhúsið á Ísafirði, varð aftur kvikmyndahús.

Á sviðinu var dansaður tangó. Tveir kenndir leikhúsgestir áttu eftirfarandi samtal sem heyrðist vel: „Þetta er ábyggilega Bryndís Schram.“ „Neinei, hún er með miklu stærri brjóst.“

Leikstjóri setti heimsmet í

skapstillingu.

„Hjálp, hjálp, sófinn flýgur, hann flýgur.“ En sófinn flaug ekki, því bandið hafði slitnað.

Verkið fjallar um heilbrigðisstéttina, en höfundur var henni vel kunnur vegna veikinda síðustu æviárin. Þetta er síðasta verk hans, enda snarversnaði honum einn daginn við að leika í því og dó þá um kvöldið.

Í leikferð til Súðavíkur mættu þrír áhorfendur, einn frá Keflavík, annar frá Flúðum og sá þriðji frá Akranesi.

„Sýningar gengu vel en í flest-

um tilvikum komust fleiri að en vildu.“

Þegar Grænmetissöngurinn var sunginn myrkvaðist Hálsaskógur, því að rafmagnið fór af Hnífsdal.

Þrír falskir söngvarar náðu þeim fágæta árangri að syngja saman í fjórum tóntegundum.

Í leikskranni sem fylgdi verkinu var auð síða fyrir eiginhandaráritanir og handa fátækum skáldum að yrkja á.

Viðtal:

Hlynur Þór Magnússon.

Fiskur, ferðamenn og „beitarþol“

Vel hefur aflast í Bolungarvík og á Patreksfirði að undanförunu og er það góðs viti. Fiskur, sjávarútvegur og úrvinnsla hafa staðið undir efnahag Vestfjarða um langt skeið. Nú er svo komið að ferðaþjónusta hefur tekið fram úr gjaldeyrisöflun af fiskútflutningi þjóðarbúsins. Það vekur upp margar áleitnar spurningar, ekki síst fyrir Vestfirðinga. Oft hefur borið á góma að erlendir ferðamenn fari hjá garði Vestfjarða. Eðlilega sjá margir sér hagnaðarvon með aukinni ferðamennsku á Vestfjörðum. Þá þarf að athuga afar vel hver staðan er og hvað unnt er að bjóða ferðamönnum. Afþreying er grundvallaratriði og ætti að raðast framar náttúruskoðun því hún þolir takmakaðan ágang. Óspillt náttúra er enn til á Vestfjörðum en er á undanhaldi og sjást þess þegar alvarleg merki á Hornströndum. Miður var að leggja akfæran veg yfir í Jökulfirði í þágu einkahagsmuna örfárara. Þrýstingur mun vaxa í þá veruna að „blessaður“ vegurinn verði bættur og opnast almennri umferð. Þá tapa allir, einkahagsmunafólkið, náttúruunnendur og síðast en ekki síst náttúran sjálf.

Slæmar staðreyndir blasa við. Frægustu og mest sóttu ferðastaðir á Íslandi hafa látið mjög á sjá síðustu árin. Í ár munu vel á aðra milljón erlendra ferðamanna koma til Íslands og allir vilja sjá sömu marg auglýstu undur náttúrunnar, aðallega á Suðurlandi. Átroðningur við Jökulsárlón á Breiðamerkursandi er mikill og bætist það undrið í hóp hinna sem vart eru lengur sýningarhæf. Staðan á Vestfjörðum þarf athugunar við. Bættir vegir eru til mikils gagns en Látrabjarg þolir ekki mikinn átroðning að óbreyttu. Sama er uppi á teningnum við Dynjanda í Arnarfirði. Þar þarf að laga margt til þess að ferðafólk skemmi ekki náttúruna frekar en orðið er. Nauðsynleg er áætlun um átroðsluþol frægra náttúruundra á Vestfjörðum. Móta þarf stefnu um „beitarþol“ af hálfu mannskepnunnar svo ekki fari illa.

Fiskveiðar eru skipulagðar með áætlun um veiðiþol, sem leiðir til skömmtnar aðgangs að þeim hluta náttúrunnar sem hann þrífst í.

Með sama hætti þarfa að marka beitarþol af hálfu ferðamanna svo þar „fiskist“ vel.

Stakkur skrifar

Stakkur hefur ritað viku-lega pistla í **Bæjarins besta** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vak- ið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrif- um **Stakks** á meðan hann notar dulnefni sitt.

Starfsleyfi fyrir 4.200 tonna eldi Djúpinu

Umhverfisstofnun hefur veitt Dýrfiski ehf. starfsleyfi fyrir 4.200 tonna ársframleiðslu á regnbogasilungi í Ísafjarðardjúpi. Kvíar Dýrfisks verða undir Snæfjallaströnd. Stór áform eru uppi um eldi á regnbogasilungi í Ísafjarðardjúpi og í síðustu viku gaf Skipulagsstofnun jákvæða um-sögn um matsáætlun Hraðfrysti-hússins-Gunnvarar um umhverf-ismat á allt að 6.800 tonna árs-

framleiðslu á regnbogasilungi í Djúpinu. Skipulagsstofnun hafði áður úrskurðað að áform Dýrfisks þurftu ekki að fara í umhverfis-mat.

Sigurður Pétursson, framkvæmdastjóri Dýrfisks, segir að nú sé eftir að fá rekstrarleyfi sem Matvælastofnun gefur út og einnig þyrfti að liggja fyrir burð-arþolsmat á Ísafjarðardjúpi sem Hafrannsóknastofnun gerir.



Þýsku nemendurnir ásamt kennurunum og fulltrúum Ísafjarðarbæjar í Neðstakaupstað þar sem þau snæddu í Tjörúhúsinu.

Vinabæjarheimsókn frá Kaufering

Átta krakkar frá Kaufering í Þýskalandi voru í vinabæjarheimsókn í Ísafjarðarbæ í síðustu viku. Með heimsókninni voru krakkarnir að endurgjalda heim-sókn ísfirskra grunnskólakrakka í haust. Antje Bommel hafði veg

og vanda af vinabæjarsamstarfi milli bæjanna. „Við erum búin að eiga góða daga. Fórum á Dellu-safnið á Flateyri, fórum á bát og skoðuðum sjókvíar í Dýrafirði og fengum fiskisúpu á Simba-höllinni,“ segir Antje. Síðan fór

hópurinn á Suðureyri og fékk leið-sögn um frystihús Íslandssögu.

Tveir kennarar voru með í för. Antje segir að þeim þyki skóla-kerfið á Íslandi vera mjög ólíkt því þýska. „Það er allt miklu strangara í Þýskalandi. Það

þekktist til dæmis ekki að vera með iPad í tímum. Vonandi geta þeir tekið eitthvað af þessu frjáls-ræði með sér heim til Þýska-lands.“ Hún vonast til að áfram-hald verði á nemendaskiptunum í haust. – smari@bb.is

Endurbætur geta verið leyfisskyldar

Með hækkandi hitastigi og snjóbráðnun eykst framkvæmdagleði landans og margir húseigendur stefna eflaust á framkvæmdir í sumar. Ólöf Guðný Valdimarsdóttir, skipulags- og byggingarfulltrúi Ísafjarðar-bæjar, vill koma því á fram-færi við bæjarbúa að huga að því að framkvæmdir, jafnt stórar sem smáar, geta verið leyfisskyldar. Rétt er að grennslast fyrir um hvort sækja þurfi um byggingar-leyfi til bæjarins þegar framkvæmdir eru í undirbúningi.

Hún bendir sérstaklega eigendum húsa í elstu byggð-um sveitarfélagsins á að útlit húsa sé oft og tíðum háð frið-unum sem taka þurfi tillit til við endurbætur.

Sælkerar vikunnar eru Auður Guðjónsdóttir og Lárus Danielsson frá Ísafirði

Grískar kjötbollar og Dronning Maud

Mér finnst voða gaman að elda og prufa nýja rétti og fer þá oft á netið til að finna þá. Einhvern tímann fann ég penn-an rétt og breytti honum lítil-lega með slatta af vatni og kryddjurtunum og fékk þá út gríska kjötbollusúpu. Eftirrétt-inn fékk ég hjá samstarfskonu minni henni Kjellrun og þykir hann hreint lostæti. Verð að viðurkenna að ég hef ekki prufað hann sjálf en geri það við fyrsta tækifæri. Hann er að sjálfsögðu norskur en Norð-menn eru, að mínu mati, snill-ingar í eftirréttum.

Grískar kjötbollar í tómatsósu (kjötbollusúpa)
2-3 Brauðsneiðar, skorpu lausar
4-6 msk. Mjólk
600 gr. Kjöthakk, 12-16% feitt
2-3 Hvítlauksgeirar, saxaðir

smátt eða pressaðir (ég nota alltaf meira af hvítlauk en á að gera)
½ tsk. Timjan, þurrkuð
½ tsk. Minntulauf, þurrkuð
½ tsk. Basilika, þurrkuð
½ tsk. Pipar, nýmalaður
1 tsk. Salt eða eftir smekk
2 msk. Ólífuolía
150 ml. Hvítvín eða vatn (ég nota vatn og set þá meira vatn ef ég ætla að gera súpuna og smakka til með kryddjurtunum)
1 dós. Tómatar, heilir

Aðferð:

Brauðið er rífið niður og sett í skál og mjólkinni hellt yfir. Látið standa í nokkrar mínútur. Hakk, hvítlaukur, kryddjurtir, salt og pipar bætt út í og hnoðað vel saman, helst með höndum. Mót-að í fremur litlar kjötbollar á stærð við borðtenniskúlur. Olían hituð á pönnu eða í víðum potti og bollurnar snögg steiktar við

nokkuð háan hita. Pannan hrist oft á meðan eða bollunum snúið svo þær brúnist jafnt.

Víninu/vatninu hellt yfir ásamt leginum úr tómatsósunni og hitað að suðu. Tómatarnir saxaðir fremur gróft (alls ekki í mat-vinnsluvél) og hrærðir saman við. Þá er lok sett yfir og látið malla við vægan hita í 8-10 mín. Eða þar til bollurnar eru soðnar í gegn. Sósan/súpan er síðan smökkuð til með salti, pipar og e.t.v krydd-jurtunum. Bollurnar eru svo bornar fram í sósunni/súpunni.

Mér finnst voða gott að sjóða kartöflur og setja úti súpuna og kannski hvítlauksbrauð með. Ef sósan er notuð þá er gott að hafa nýbakað brauð með og tzatziki og/eða salat.

Dronning Maud fromasj

½ Dronningsjokolade eða bara sírús súkkulaði.
3 Gelatínplater/matarlímplötur



3 Eggjarauður
4 msk. Sykur
3dl. Rjómi
½dl. Portvín eða koníak (Kjell-run mælir með koníaki)
½dl. Soðið vatn

Aðferð:

1. Taktu fram fimm falleg glös eða skálar. Frómasinn þarf að fá að stífna í kæli áður en hann er borinn fram.

2. Matarlímið látið liggja í köldu vatni í ca. 10 mín. Rjóminn þeyttur og lagður til hliðar. Eggja-rauður og sykur þeytt vel saman. Matarlímið veitt uppúr og því hrært úti 1/2 dl af sjóðandi vatni.

Portvíni/koníaki bætt úti. Matarlíminu er síðan bætt hægt og rólega úti eggjahraer-una meðan hrærvélin er í gangi. Þeytta rjómanum er blandað varlega saman við. Súkkulaðið rífið niður.

3. Frómas og rífið súkkulaði er svo sett í glas eða skál í lögum, frómas, súkkulaði, frómas og svo súkkulaði á toppinn. Látið standa í kæli-skáp þar til stífnar.

Við Lalli skorum á Árnýju Rós Gísladóttur og Patrek Súna Reehaug að vera næstu sælkerar.



Sportið í beinni...

Miðvikudagur 22. apríl

kl. 18:45 Real M - Athl. Madrid

kl. 18:45 Monaco - Juventus

Fimmtudagur 23. apríl

kl. 19:00 Zenit - Sevilla

kl. 19:00 Napoli - Wolfsburg

Laugardagur 25. apríl

kl. 14:00 Crystal P - Hull

kl. 14:00 Burnley - Leicester

kl. 14:00 QPR - West Ham

kl. 14:00 Newcastle - Swansea

kl. 14:00 WBA - Liverpool

kl. 14:00 Espanyol - Barcelona

kl. 16:30 Man. City - Aston V

Sunnudagur 26. apríl

kl. 12:30 Everton - Man. Utd

kl. 15:00 Arsenal - Chelsea

kl. 19:00 Celta - Real Madrid

Mánudagur 27. apríl

kl. 18:45 Bournemouth - Bolton

Þriðjudagur 28. apríl

kl. 18:00 Barcelona - Getafe

kl. 18:45 Hull - Liverpool

Miðvikudagur 29. apríl

kl. 18:00 Real M - Almeria

kl. 18:45 Leicester - Chelsea

Dagar Íslands

eftir Jónas Ragnarsson

22. apríl 1950: Íslandsklukkan eftir Halldór Laxnes var frumsýnd í Þjóðleikhúsinu. Þetta var fyrsta uppfærslan í leikhúsi þjóðarinnar.

23. apríl 1983: Kvinnalistinn, sem bauð fram í fyrsta sinn til Alþingis, fékk þrjá menn kjörna. Af öðrum listum fengu sex konur kosningu til Alþingis.

24. apríl 1914: Dauðadómur var kveðinn upp í síðasta sinn á Íslandi. Kona var dæmd til lífláts en dómnum var síðan breytt í ævilangt fangelsi.

25. apríl 1991: Bifreið var ekið á hæsta tind Íslands, Hvannadalshnjúk.

26. apríl 1834: Tvö skip og fjórtán bátar fórust í skyndilegu óveðri á Faxaflóa og með þeim 42 menn

Helgarveðrið

Horfur á föstudag:

Stíf norðanátt og frost um land allt. Þurr sunnanlands, annars snjókoma eða él.

Horfur á laugardag:

Stíf norðanátt og frost um land allt. Þurr sunnanlands, annars snjókoma eða él.

Horfur á sunnudag:

Norðanátt og snjókoma fyrir norðan, en úrkomulítið syðra. Kalt í veðri.



		KROTA	BIRGJA	EIN-SÖNGUR		HAF	FRÓN	SKRÁ
BERG-TEGUND								
EINS UM I				ESPA				
				NEÐAN VIÐ				
HEIMS-ÁLFU					TVEIR EINS			
					STAÐFESTA			
STOPPA								GEÐ
	↓	GÆTA	SVELL	ÁTT		DJÆF		
				HALD		ÞRÚTNUN		
HÓTEL-ÍBÚÐ					HÁLSTAU			
					TÁLKN-BLAÐ			
HNUSA				OFFUR				GÁ
				ÞEKKI				
Í RÖÐ			PÍNA			TÁLBEITA		
			LOKAORÐ			INNYFLI		
SVIF				TÚN			EKKI	
				VEGG-SPJALD			RÖLT	
LJÓS					MEGIN			HAMINGJA
					FORMÓÐIR			
		HNODA				SELUR		
		HRÆÆTA				EFLA		
ELSKA					MERKI			STÆKKA
SLÁ			BÆRU AÐ				FIDUR	TIL
			DRAUP					TÍMABILS
SEGJA				HRIFNING				
				SAMTÖK				
KLÍNA					ÁVÖXTUR			
SJÁ EFTIR					SVARA			

BÍLAVERIÐ ehf

Hjólbarðapjónusta
Smurpjónusta

Smáviðgerðir

Sindragötu 14 • 400 Ísafirði
Sími 456 3501 • www.bilaverid.is

PRENTUM ALLT MILLI HIMINS

g

GÚTTÓ ehf
Sílfurgötu 1
400 Ísafirði
Sími: 456 4560
Netf.: honnun@bb.is

OG

JARÐAR

Tökuhópur frá BBC á Ísafirði

Þrjátíu manna hópur á vegum BBC var staddur á Ísafirði í síðustu viku við tökur á nýrri þáttaseríu. „Við verðum í fjóra daga við upptökur. Þetta er partur af þáttaseríu um fiskveiðar og það eru keppendur í þáttunum og gert til að hafa gaman af,“ sagði Þórður Bragi Jónsson hjá Compass films sem kemur að framleiðslu þáttanna í samtali við BB.

Hann segir að vegna eðli þáttanna sé ekki hægt að gefa mikið upp um innihald þeirra. Upptökur fóru fram á Ísafirði og nágrenni og einnig á Suðurlandi. „Eftir það verður haldið áfram til næsta lands og tekinn upp annar þáttur og svo koll af kolli,“ segir Þórður Bragi.

Leigufélag Vestfjarða selt

Vestfirskir Verktakar hafa selt Leigufélag Vestfjarða. Kaupandinn er Magnús Pálmi Örnólfsson, fjárfestir frá Bolungarvík. Leigufélagið á aðra Múalandsblokkina og keypti félagið hana af Fastignum Ísafjarðarbæjar. Alfreð Erlingsson, framkvæmdastjóri Vestfirska verktaka, segir að staðið hafi til að selja Leigufélagið í nokkurn tíma. Aðdragandi að sölnunni til Magnúsar Pálma hafi þó verið mjög stuttur.

GÓK húsasmíði bauð lægst

GÓK húsasmíði ehf. í Bolungarvík bauð lægst í endurbætur á neðstu hæð Grunnskólans í Bolungarvík. Tilboð fyrirtækisins hljóðaði upp á 12,5 milljónir króna en kostnaðaráætlun hljóðaði upp á 11 milljónir króna. Eitt annað tilboð barst í verkið, frá Vestfirskum verktökum ehf. upp á 13,9 milljónir króna. Endurbæta á skólastofur og standsetja félagsmiðstöð sem verður á neðstu hæð skólans.

Samið við Kjarna-sögun um slátt

Bæjarráð Ísafjarðarbæjar hefur samþykkt að ganga til samninga við Kjarnasögun ehf. um slátt á opnum svæðum í sveitarfélaginu. Tilboð Kjarnasögunar hljóðaði upp á 13 milljónir króna eða 137 prósent af kostnaðaráætlun.

Samkvæmt útboðsgögnum er bænum heimilt að fella út einstök svæði sem hefur í för með sér minnkun í magnskrá. Verður það gert og umfang verksins minnkað í samráði við umhverfisfulltrúa svo það rúmist innan fjárhagsáætlunar Ísafjarðarbæjar.

Þjónustuauglýsingar

	AF- HENDING	STARFS- ADFERÐ	GRÓA	Í RÖÐ	RÚMT	SVELG
DUÐUR	A	T	G	E	R	V
SLUNGINN	F	Æ	R	LÖNG DEIGUR	S	Í
LIÓMANDI	S	K	Æ	R	FRÁSÖGN	T
SJÁ UM	A	N	N	A	S	T
HVÆS						
KLÍNA	F	L	I	K	K	A
LAOFÆRA						
URIN	B	Ú	I	N	EIN- HYRJRIR	SKYNFÆRA SKEL
BARDAGI	A	T	Æ	S	A	PRAUT KEYRA
MÁL- SUDA	R	A	F	S	U	Ð
MUNDA	O	T	A	M	A	K
BOX	K	A	S	S	I	A
	K	Æ	T	Æ	R	A
FORM	S	N	I	Ð	MEIN	U
DRYKKUR	T	E	I	Ð	K	A
RÍKI Í ARABÍU	Í	R	A	N	A	F
FJÖRGA	L	Í	F	G	A	K
LABBA	L	A	L	L	A	I

Sudoku prautilir

5				2				6
2				8	3	6	4	5
	3			4	5			7
	2	3	7	5	9			
	4			1	3		2	9
	1		2		4	6	3	
3	9	8	4			1		5
	6				1			3
7						9		2

				7			5	8
7	9							
						9		1
	1							
	2	7			4	6		
	5	4	6		3	8		
6					2	7	4	
			5			1		
	4		1	8				

PRENTUM ALLT MILLI HIMINS
OG
JARÐAR

GÚTTÓ ehf
Sílfurgötu 1
400 Ísafirði
Sími: 456 4560
Netf.: honnun@bb.is

H.V. UMBOÐSVERSLUN ehf
Suðurgötu 9 • 400 Ísafjörður • Sími 456 4666 • Netfang hekla.vestfj@hafsteinn.is

HEKLUSALURINN
Nýir bílar og notaðir

Þjónusta í heimabyggð frá 1983

Öll almenn húsasmíði

Bolungarvík
456 7080 • 893 9362 • 690 1060

Umboðsaðili fyrir
GLERBORG

Fréttir og upplýsingar um réttindi og kjör á vinnumarkaði
www.verkvest.is

VERK VEST

ENDURSKOÐUN
VESTFJARÐA ehf

Sími í Bolungarvík 450 7900
Sími á Ísafirði 450-7910

Aðalstræti 19, 415 Bolungarvík • Hafnarstræti 9, 400 Ísafjörður

BÍLAVERKSTÆÐI SB
SINDRAGÖTU 3
SÍMI: 456-3033

SMURSTÖÐ
VARAHLUTAVERSLUN
HJÓLBARÐAVERKSTÆÐI

PRENTUM ALLT MILLI HIMINS
OG
JARÐAR

GÚTTÓ ehf
Sílfurgötu 1
400 Ísafirði
Sími: 456 4560
Netf.: honnun@bb.is

HRADFYSTIHÚSIÐ-GUNNVÖR HF.
- spálfræðing, nýfeng, stjórnaðlunda



Gleðilegt sumar Gleðilegt sumar Gleðilegt sumar



1498
kr. kg



Kaupfélag
Skagfirðinga
FROSIÐ
LAMBAKJÖT
GOTT
VERÐ Í
BÓNUS

KS Frosið lambalæri í sneiðum



3498
kr. kg

KS Frosið lambafillet



1598
kr. kg

STJÖRNUGRÍS Beinlausar kótilettur



3898
kr. kg.

Íslandslamb Lambafillet ferskt ókryddað



1598
kr. kg

Bónus úrb. Grill-Grísahakkasneiðar



1298
kr. kg.

BÓNUS BBQ Grill-grísakótilettur



BÓNUS Grill Grísabógsneiðar



498
kr. 2 x 140g.

NAUTAVEISLU
Ferskir nautahamborgarar 2 x 140g



198
kr. 510 ml.

Hunt's grillsósar; Original, Brown Sugar & Honey Mustard



298
kr. 1000g.

HEINZ Tómatasósa



198
kr. 200 ml.



498
kr. 500ml

Caj-P Kryddolía 500ml



EKKERT BRUÐL

Verð í þessari auglýsingu
Gilda a.m.k. til 26. apríl

Afgreiðslutími í Bónus: Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00 •